

## Samráðsfundur

**Dags:** 3. okt. 2008, kl. 11:15

**Aðili:** Norðurorka

Fulltrúar: Franz Árnason, forstjóri; Ásgeir Magnússon, stjórnarform.

Tengiliðir: Franz Árnason (franz@no.is)

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Kristín Linda Ásgeirsdóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðndararáðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnastjórnar, sem skrifaði fundargerð.

1. Norðurorka var stofnuð sem hita- og vatnsveita og dreifingarfyrtæki raforku en með árunum hefur fyrirtækið tekið að sér fleiri verkefni, þ.á.m. raforkuframleiðslu. Norðurorka á t.d. fyrirtækið Fallorku og er rafmagnsframleiðsla undir merki þess í Djúpadal í Eyjarfirði). Fyrirtækið hefur auk þess skoðað fleiri virkjunarmöguleika, t.d. í Skjálfandafljóti.
2. Norðurorka á einnig hlut í Þeistareykum ehf. (1/3) og Íslenskri orku sem horfir einkum til Sanda í Öxarfirði sem ekki er háhitasvæði heldur „heitt lág hita-svæði“. Þeir Franz og Ásgeir gera sér vonir um að rafmagnsframleiðsla hefjist á Þeistareykjum á næstunni. Stjórnarmenn spurðu um fjölda borhola á Þeistareykjum og svarið var sex holur en 4 hafa verið opnaðar; „vel heitar og þokkalega kraftmiklar“. Talið væri að um sé að ræða „meðalholur“ með samtals 40-50 MW afli í 6 holum. Svæðið ku vera miklu stærra en menn hugðu og nauðsynlegt sé að bora víðar. Þeistareykir ehf var sett á fót áður en álver á Bakka kom inn í myndina og sögðu fulltrúar Norðurorku að þeir væru ósáttir við að vera spyrtil saman við álverið. Gnægð viðskiptatækifæra væri fyrir hendi en helst að vanti flutningsgetu til að flytja orkuna frá Þeistareykjum; orkan er föst þar eystra. Vantar að klára hringtengingu raforkuflutningskerfisins því ónóg flutningsgeta lokar inni afgangsráforku sem ekki nýtist. Þar sem fá tækifæri eru til orkuvinnslu í Eyjarfirði þarf að flytja orkuna inn frá öðrum svæðum.
3. Formaður lýsti þeirri skoðun sinni sem sveitastórnarmanni að nýta ætti orku sem næst upprunastað og tóku viðstaddir undir þá skoðun. Staðsetning álvers á Bakka réðist að miklu leyti á styttri flutningi orkunnar.